

LINA



1 2 3 4 5

Þessi bók er í 2. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Lydia Didriksen

Lína



Edward Fuglø
teiknaði myndir



MENNTAMÁLASTOFNUN

Hæna

Þetta er Lína.

Hún er rauð hæna.



Vinir



Lína býr með fimm hænum.

Þær eru vinir hennar.



Hænsna-kofi



Hér er lítill hænsna-kofi.

Hér búa Lína og hinar hæurnar.

Kofinn er gulur.

Lína og vinir hennar
eru úti á túni.

Þær éta og leika sér
og gagga og hlaupa
og hlaupa.



Vindur



Nú kemur vindur.






Vindurinn hvín og þýtur.
Allt í einu lyftir hann Línu
á flug með sér.

Lína fýkur í vindinum
upp og niður
og niður og upp.






Hún fýkur langa leið.

Tún



Svo sleppir vindurinn Línu.
Hún dettur niður
og lendir á stóru túni.

Kind



Á túninu býr kind
sem heitir Æsa.
Hún á tvö lömb.

Lína liggur á túninu.
Æsa og lömbin hlaupa til Línu.
– Finnur þú til? spyr Æsa.
Lína liggur eins og dauð.



– Sæl, sæta hæna, heyrir þú í mér?
Ertu lifandi? spyr Æsa.



– Já, já, ég er lifandi. Ég er þínu
smá lifandi, heyrir í Línu.

– Æ, hvað það er gott, segir Æsa.

Æsa og lömbin standa hjá Línu.

– Er þér illt? spyr Æsa.

– Já, volar Lína.

Hún getur varla talað.



– Er fóturinn þinn brotinn? spyr Æsa.

– Já, kannski er hann brotinn,
segir Lína.



– Geturðu risið upp? spyr Æsa.
Lína setur fæturna undir sig
og rís á fætur.




– Þú getur staðið!

Þú ert alveg frísk, hrópar Æsa.



- Ég vil fara heim. Ég er alveg frísk og fætturnir eru í lagi, segir Lína.
- Ratar þú heim? spyr Æsa.





- Nei, en ég vil fara heim, segir Lína.
- Þú getur verið hér hjá okkur, segir Æsa blíðlega.

– Nei takk! Hér er kalt og ég er blaut.
Ég vil fara heim í gula kofann
til vina minna, segir Lína.





- Eg get verið kofinn þinn og vinur þinn, segir Æsa.
- Komdu hingað, ég ætla að sýna þér svolítið.



– Þú getur setið á bakinu á mér
og hitað þér, segir Æsa.

Lína sest á bakið á Æsu.

– Ooo, þú ert svo heit, segir Lína.





– Og þegar rignir
máttu vera í skjóli undir mér,
þá ertu alltaf þurr, segir Æsa.

- Ertu viss? spyr Lína.
- Prófaðu, segir Æsa.



– Og ef þú ert þreytt,
geturðu kúrt hjá mér og sofið,
segir Æsa blíðlega.





Nú býr Lína hjá Æsu.

Æsa er kofinn hennar.

Æsa og lömbin eru vinir hennar.

Æ, æ, vindurinn hefur ruglað stöfunum.
Reyndu að finna orðin í skýjunum.



n v i
i r v i

f i k o

g a g a
g g a

d u v i n
r u v i n



Hvernig er Lína á litinn?



Hvar býr Lína?

Hvernig er kofinn hennar á litinn?

Hvað gerði vindurinn?

Hvar lenti Lína?

Hvað heitir kindin í sögunni?

Hvar meiddi Lína sig?

Af hverju vildi Lína fara heim?

Hvernig hitaði Æsa Línu?

Hvað þýðir orðið skjól?

Hvað þýðir að kúra?



Um notkun

Áður en barnið les textann í bókinni er æskilegt að það sé hvatt til að velta fyrir sér efni hennar, skoða myndirnar og geta sér til um innihaldið. Þetta ættu foreldrar/kennari og barn helst að gera sameiginlega. Í gegnum samræður gefst tækifæri til að byggja upp eftirvæntingu og kynna orðin sem verða á vegi barnsins í textanum.

Þegar barnið hefur lesið textann má svo ræða hann betur og spyrja spurninga úr honum til að ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur líka verið gaman að velta fyrir sér hvað gæti gerst í framhaldinu, t.d. hvernig Línu muni vegna hjá Æsu og lömbunum, hvort hún sakni vina sinna og gula kofans o.s.frv. Hugsanlega hafa börnin heyrt sögur af dýrum sem ganga dýri af annarri tegund í foreldrastað eða stofna til vináttu. Purfa t.d. allir að vera eins til að vera vinir? Getur verið spennandi að kynnast fólki úr öðruvísi umhverfi? Þessa umræðu má m.a. tengja umfjöllun um samskipti og vináttu.

Ef barn er hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu tvær síðurnar, jafnvel aðra hvora blaðsíðu eða aðra hvora línu til að það gefist ekki upp og njóti þess að upplifa það að hafa lokið við að lesa bók.



Lína

ISBN 978-9979-0-2564-1

© Bókadeild Føroya Lærarafelags og Nám 2011

Heitir á frummálinu: Mina

© texti Lydia Didriksen

© teikningar Edward Fuglø

Lestrarfræðileg ráðgjöf við

færeysku útgáfuna: Ása Huusgaard

Íslensk þýðing: Iðunn Steinsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2013

önnur prentun 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Prenttækni ehf. – umhverfissvottuð prentsmiðja





SMÁBÓK

Smábækur Menntamálastofnunar eru einkum ætlaðar börnum sem eru að læra að lesa.

Lína á heima í gulum kofa
með fimm hænum.
Einn daginn kemur vindur
og lyftir Línu á flug með sér.



Höfundur er Lydia Didriksen.
Teikningar eru eftir Edward Fuglø.



MENNTAMÁLASTOFNUN
40305